



SEMENTSVERKSMIÐJAN

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Mánabraut 20 300 Akranes

Sími: 430 5000

Bréfasími: 430 5001

Netfang: sement@sement.is

Væffang: www.sement.is

Birna Sigrún Hallsdóttir, sérfræðingur
Svið umhverfisgæða

Akranesi, 8.03.2012

Efni: Skýrsla vegna losunar koldíoxíðs 2011.

Sementsverksmiðjan er byggð á árunum 1956 til 1958, en gangsetning gjallbrennsluofns var í júní það ár. Upphaflegur framleiðslubúnaður til gjallframleiðslu var enn í notkun á árinu 2011, en gjallframleiðsla var hætt a.m.k. tímabundið í nóvember 2011 vegna erfiðra markaðsaðstæðna. Athuga á að tveim árum liðnum hvort aðstæður séu til að hefja framleiðslu á ný. Framleitt magn af gjalli hefur verið afar mismunandi milli ára háð markaðsaðstæðum.

- a) Sementsverksmiðjan hf, kt. 560269-5369, Mánabraut 20, Akranesi, starfar skv. starfsleyfi frá Umhverfisstofnun sem tók gildi í des. 2008. Framkvæmdastjóri er Gunnar H. Sigurðsson. Stjórn Sementsverksmiðjunnar skipa Gunnar Syvertsen formaður, Gunnlaugur Kristjánsson og Þórbergur Guðjónsson. Stjórnarmenn eru fulltrúar eiganda sem eru L1022 ehf, Arion banki hf og Lýsing hf.
- b) Sementsverksmiðjan framleiðir sementsgjall úr innlendum hráefnum, sem eru skeljasandur og líparít ásamt basaltsandi og möluð eru með vatni í hráefnaleðju sem brennd er við mikinn hita í gjallbrennsluofni. Sementsgjallið er hráefni til sementsgerðar, en gjallið ásamt gipsi, járnblendiryki, líparíti og öðrum efnum er malað niður og úr verður sement. Uppspretta losunar er við framleiðslu gjalls í gjallbrennsluofni verksmiðjunnar. Um það bil helmingur útstreymis á koldíoxíði verður til við bruna eldsneytis (aðallega kola). Hinn helmingurinn myndast við efnahvörf skeljasands skv. efnajöfnunni: $\text{CaCO}_3 > \text{CaO} + \text{CO}_2$. Skeljasandur innheldur um 90% CaCO_3 og CaO innihald í gjalli er yfirleitt í kringum 63%. Magn CO_2 útstreymis er þannig í beinu hlutfalli við framleiðslumagn sementsgjalls. Magn gjallryks sem losnar við brennsluna er um 10%.
- c) Ekki eru þekktar aðferðir til þess að draga úr útstreymi koldíoxíðs við gjallframleiðslu í framleiðslutækjum verksmiðjunnar. Hvert framleitt tonn af gjalli krefst ákveðins magns af hráefni (skeljasandi) og ákveðins magns af eldsneyti. Eins og áður hefur komið fram er sementsgjall hráefni til sementsgerðar. Til fróðleiks er hér bent á að með íblöndun óbrenndra efna í stað gjalls við framleiðslu sements er dregið úr losun koldíoxíðs per framleitt tonn sements.


- d) Meðfylgjandi er ársskýrsla umhverfisstjórnunar 2011 þar sem fram kemur m.a. framleitt magn og eldsneytisnotkun. Endurnýting ryksins í framleiðslunni var ekki í gangi á árinu 2011. Gjallbrennsluofn var aðeins í gangi í 115 daga á árinu.
- e) Úthlutaðar losunarheimildir fyrir tímabilið 1. janúar 2008 til 31. desember 2012 nema alls 666.875 sbr. bréf úthlutunarnefndar dags. 27.09.2007.
- f) Vísað er til útreikninga skv. reglum Ust. sem gefa niðurstöðuna 40.053 tonn fyrir árið 2011. Staða heimilda í árslok 2011 telst því vera 432.478 tonn.

Virðingarfyllt,

SEMENTSVERKSMÍÐJAN HF



Gunnar H. Sigurðsson,
framkvæmdastjóri



Sesselja Einarsdóttir,
gæðastjóri

Hjál.
Ársskýrsla umhverfisstjórnunar 2011